



Akraneskaupstaður

Þjóðminjasafn Íslands

Suðurgötu 41

101 Reykjavík

Akranesi, 23. febrúar 2015

1501415 RÁ/sas

Efni: Úttekt á ástandi Kútters Sigurfara

Á fundi bæjarráðs Akraness sem haldinn var þann 29. janúar sl. var undirritaðri falið að leita formlega eftir samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Forsætisráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið varðandi þilskipið Kútter Sigurfara.

Undirrituð átti fund með þjóðminjaverði þann 20. febrúar sl. ásamt formanni menningar- og safnanefndar. Þar var ákveðið að boðað skyldi til fundar með fulltrúum helstu stofnana og samtaka sem koma að minjavörslu á Íslandi til að ræða framtíð Kútters Sigurfara. Í því sambandi er mikilvægt að vita hvert ástand skipsins er í dag. Með þessu bréfi óskar undirrituð formlega eftir því að Þjóðminjasafnið framkvæmi skyndiúttekt á Kútter Sigurfara.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri

